

FUNDARGERÐ LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

138. fundur Landbúnaðarráðs Húnaþings haldinn föstudaginn 11. mars 2016 kl. 13:00 í Ráðhúsi Húnaþings vestra.

Fundinn sátu:

Jóhann Ragnarsson, formaður, Sigtryggur Sigurvaldason, aðalmaður, Matthildur Hjálmarsdóttir, aðalmaður, Sigríður Ólafsdóttir, aðalmaður og Þórarinn Óli Rafnsson aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir sveitarstjóri.

Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir

Dagskrá:

1. Vetrarveiði á ref - umsókn.
2. Úthlutun fjármagns til viðhalds heiðagirðinga
3. Hnitsetning landamerkjá
4. Bréf frá Forsætisráðuneytinu lagt fram til kynningar
5. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Vetrarveiði á ref - umsókn.

Fram lagðar umsóknir um vetrarveiði á ref til 15. apríl nk. frá: Kristófer Jóhannessyni um vetrarveiði á ref í Miðfirði í Húnaþingi vestra, Jóhannesi Óskari Sigurbjörnssyni um vetrarveiði á ref á Vatnsnesi í Húnaþingi vestra.

Landbúnaðarráð hafnar umsókn Kristófers þar sem svæðinu í Miðfirði hefur þegar verið úthlutað en samþykkir að taka umsókn Jóhannesar til greina þar sem ekki komu aðrar umsóknir um vetrarveiði á ref á Vatnsnesi á tímabilinu. Sveitarstjóra falið að gera samning við Jóhannes. Samningurinn gildir til 15. apríl nk. Skila skal inn skottum og reikningum í síðasta lagi 25. apríl 2016. Greitt er 8.000 kr. fyrir hvern ref að hámarki fyrir 17 dýr á svæðinu.

2. Úthlutun fjármagns til viðhalds heiðagirðinga

Landbúnaðarráð leggur til að kr. 2.800.000 sem eru til ráðstöfunar á árinu 2016 til viðhalds og endurnýjunar heiðagirðinga verði skipt með eftirfarandi hætti:

- | | |
|-----------------|----------------|
| a) Í Hrútafirði | kr. 700.000- |
| b) Í Miðfirði | kr. 966.000- |
| c) Í Víðidal | kr. 1.134.000- |

Landbúnaðarráð leggur til að taxti fyrir vinnu við heiðagirðingar á árinu 2016 verði eftirfarandi: Verktakagreiðsla verði kr 2.500 á klst., taxti fyrir fjórhjól verði kr. 2.500 á klst. og taxti fyrir sexhjól kr. 2.800 á klst. Ofan á ofangreindan taxa leggst 24% virðisaukaskattur. Akstur verði greiddur samkvæmt taxa ríkisins.

3. Hnitsetning landamerkja

Landbúnaðarráð hvetur bændur til að hnitsetja jarðir sínar og bendir um leið á að Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda hefur hafið þessa vinnu á starfssvæði sínu.

4. Bréf frá Forsætisráðuneytinu lagt fram til kynningar

Samþykkt að taka á dagskrá tillögur frá Fjallskilastjórn Hrútfirðinga sem 5. lið og bréf frá MAST við beiðni byggðarráðs um vortalningu á fjallskilaskyldu búfé sem 6. lið og færa um leið 5. lið neðar sem verður þá liður 7.

5. Tillögur frá Fjallskilastjórn Hrútfirðinga að austan að breytingum á Fjallskilasamþykkt Húnaþings vestra.

Matthildur Hjálmarsdóttir leggur til, fyrir hönd Fjallskilastjórnar Hrútfirðinga, að eftirfarandi breytingar verði gerðar á Fjallskilasamþykkt Húnaþings vestra:

„Í 2. grein samþykktarinnar er 5. fjallskiladeildin nefnd Fjallskiladeild Hrútfirðinga að austan. Við krefjumst þess að nafni deildarinnar verði breytt í Fjallskiladeild Staðarhrepps/Staðhreppinga þar sem það er í miklu betra samræmi við almenna skilgreiningu á því svæði sem fjallskiladeildin nær yfir en það nafn sem nú er á deildinni. Um þetta er almenn samstaða hér í sveitinni og hefur allt frá sameiningu sveitarfélaganna verið óánægja með nafn deildarinnar.

Í 19. grein segir að í Hrútatungurétt skuli rétta í 36. viku. Ef farið verður eftir því mun réttum stundum seinka miðað við það fyrirkomulag sem verið hefur í mörg ár og þykir okkur það óásættanlegt. Á almennum fundi í fjallskiladeildinni sem haldinn var 7. apríl 2015 var samþykkt að fara fram á það að í fjallskilasamþykkt standi að Hrútatungurétt verði fyrsta laugardag í september.“

Landbúnaðarráð ákveður að fresta erindinu en sveitarstjóra er falið að setja sig í samband við formenn fjallskiladeilda og kalla eftir athugasemdum ef einhverjar eru við Fjallskilasamþykkt Húnaþings vestra.

6. Bréf frá MAST, svar við beiðni byggðarráðs um vortalningu á öllu fjallskilaskyldu búfé árið 2016. Lagt fram til kynningar.

7. Önnur mál.

- a. Sveitarstjóri kynnir nýtt fyrirkomulag á sorphirðu í sveitarfélaginu sem tekur gildi eftir 1. apríl nk. Landbúnaðarráð lýsir ánægju sinni nýtt fyrirkomulag.
- b. Næsti fundur landbúnaðarráðs verður miðvikudaginn 6. apríl kl. 13:00

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:43

Jóhann Ragnarsson

Sigtryggur Sigurvaldason

Þórarinn Óli Rafnsson

Sigríður Ólafsdóttir

Matthildur Hjálmarsdóttir

Guðný Hrund Karlsdóttir